



Reykjavík, 24. nóvember 2025
VEL25110044

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um áframhald á árlegum viðauka við fjárhagsramma Barnaverndar Reykjavíkur vegna núverandi stöðugilda

Á fundi velferðarráðs þann 19. nóvember 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 17. nóvember 2025, um áframhald á árlegum viðauka við fjárhagsramma Barnaverndar Reykjavíkur vegna núverandi stöðugilda:

Lagt er til að auka fjárhagsramma Barnaverndar Reykjavíkur um 45 m.kr. á ári frá og með árinu 2025 til að halda núverandi mönnun.

Um er að ræða 3,5 stöðugildi sérfræðinga sem síðustu ár hafa verið fjármögnuð með tímabundnum viðaukum fyrir eitt ár í senn, nú síðast með viðauka VA1618.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um áframhald á árlegum viðauka við fjárhagsramma Barnaverndar Reykjavíkur vegna núverandi stöðugilda, lögð fram á fundi velferðarráðs 19. nóvember 2025.



Reykjavík



Reykjavík, 17. nóvember 2025

VEL25110044

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Áframhald á árlegum viðauka við fjárhagsramma Barnaverndar Reykjavíkur vegna núverandi stöðugilda

Lagt er til að auka fjárhagsramma Barnaverndar Reykjavíkur um 45 m.kr. á ári frá og með árinu 2025 til að halda núverandi mönnun.

Um er að ræða 3,5 stöðugildi sérfræðinga sem síðustu ár hafa verið fjármögnuð með tímabundnum viðaukum fyrir eitt ár í senn, nú síðast með viðauka VA1618.

Greinargerð:

Árið 2020 var samþykkt til skamms tíma að fjölga stöðugildum um 10 í Barnavernd Reykjavíkur. Var tilgangur þess fyrst og fremst að mæta langvarandi uppsöfnuðum vanda vegna álags og mála fjölda og þess yfirvofandi álags sem var í starfsemi Barnaverndar vegna Covid-19 faraldursins.

Upphaflega var talið að um tímabundna aukningu væri að ræða og vonir bundnar við að álag og mála fjöldi myndi fara aftur í fyrra horf eins og var fyrir Covid-19 faraldurinn en það hefur ekki gengið eftir. Tekist hefur að fækka stöðugildum um 6,5 en síðustu þrjú ár hafa 3,5 stöðugildi haldið áfram og verið fjármögnuð með viðauka til eins árs í senn.

Á árinu 2020 voru gerðar breytingar á teymaskipan Barnaverndar. Þá voru tvö fósturteymi sameinuð í eitt og til starfa tók könnunar- og meðferðarteymi barna af erlendum uppruna og heimilisofbeldismála. Forsenda fyrir stofnun og mönnun teymisins var sá aukni fjöldi stöðugilda sem samþykktur var á árinu 2020. Teymið tók í kjölfarið við málum barna af erlendum uppruna sem áður voru í vinnslu í öðrum teymum og hefur síðan tekið við öllum slíkum nýjum málum.

Stöðugildin hafa verið fjármögnuð annars vegar úr borgarsjóði og hins vegar með fjármagni úr samningi við ríkið um samræmda móttöku flóttamanna. Sá samningur verður ekki framlengdur í sama formi og áður og því þarf borgarsjóður að fjármagna þessi stöðugildi að fullu eigi þau að vera áfram og til framtíðar.

Álag hjá Barnavernd hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Í kjölfar Covid-faraldursins fjölgaði tilkynningum um 14% milli 2019 og 2020 en jafnvægi náðist í framhaldi af því og stóð fjöldi tilkynninga í stað árin 2021 og 2022 en hefur fjölgað aftur síðan þá.

Breytingar urðu á barnaverndarlögum í janúar 2022 þar sem auknar lagalegar kröfur eru nú um samtal og samráð við börn við vinnslu barnaverndarmála. Til að ráðgjafi máls geti




Reykjavík



fylgt því eftir og byggt upp traust og samstarf við barn í barnaverndarmáli þarf svigrúm og tíma. Þá er það mat stjórnenda Barnaverndar Reykjavíkur að fjölgun stöðugilda hafi skapað forsendur til þess að ráðgjafar geti unnið enn betur með hverri fjölskyldu, náð betra trausti við bæði foreldra og börn og þannig hafi náðst betri árangur. Að auki leggja farsældarlögin þær skyldur á barnaverndarstarfsmenn að vera í enn þéttara samstarfi við alla þá sem að barninu koma.

Árið 2024 bárust 6.167 tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur. Árið áður var heildarfjöldi tilkynninga 5.457. Þetta er um 13% aukning á milli ára. Á sama tímabili jókst fjöldi mála í vinnslu hjá Barnavernd úr 3.070 málum í 3.267 eða aðeins um 6,4%.



Mynd 1: Fjöldi mála sem Barnavernd Reykjavíkur hafði til umfjöllunar 2021-2024. Heimild: Velstat, Fjöldi tilkynninga sem Barnavernd Reykjavíkur fékk á grundvelli barnaverndarlaga. Heimild: Velstat

Tölur um fjölda tilkynninga og fjölda mála í vinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur sýna að Barnavernd Reykjavíkur þarf á þessum stöðugildum að halda. Ef kæmi til fækkunar stöðugilda á þessari stundu er ljóst að forgangsraða þyrfti málum með enn stífari hætti en nú er gert. Væri slíkt þvert á markmið og tilgang barnaverndarlaga.